

Myndmennt 6.BL

Kennarar: Linda Björk Ingimarsd.

6

Markmið með þessari lotu er að:

Markmið myndlistarkennslu er að þroska sköpunargáfu, efla sjálfsvitund og auka menningarskilning nemenda. Nemendur læra að fást við myndlist sem njótendur og skapendur. Nemendur þróa með sér gagnrýna hugsun og læra að lesa í myndmál og að tala um eigin verkefni og verk annarra.

Námsgögn sem við notum:

Nemendur kynnast eiginleikum ýmissa miðla eins og t.d. blýants, trélita, tússlita, vaxlita, þekjumálningu, bleks, þrykk, leir, pappírsmassa, tré og vír.

Kennsluhættir í lotunni:

Bein kennsla, verkefnavinna og safnmappa

Námsmat:

Frammistaða og virkni nemenda í tímum er metin. Þetta er gert með símati þar sem fyrirfram ákveðinn þáttur í verkefni er metinn jafnóðum á meðan vinnu stendur, með tilliti til getu hvers og eins og í samræmi við sett markmið.

List- og verkgreinar sameiginleg fyrir 5.-7. bekk - Menningarlæsi

- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.
- Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.
- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.
- Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.
- Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna.
- Vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.
- Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum.
- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína.
- Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.

- Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.
- Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.